



## 7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

---

### TILLAGA UM LEIÐSÖGN NÝLIÐA

---

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 17. - 18. maí 2018 ítrekar mikilvægi þess að tryggja leiðsögn nýliða. Í tengslum við gerð skýrslu starfshóps um nýliðun og bætt starfsumhverfi grunnskólakennara í Reykjavík var gerð könnun á vegum Reykjavíkurborgar og Félags grunnskólakennara meðal útskriftaárganga úr kennaranámi HÍ/KHÍ og HA árin 2000 - 2012. Rannsóknin var unnin af Stefáni Hrafni Jónssyni, prófessor við HÍ og Helga Eiríki Eyjólfssyni, verkefnastjóra í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þar kemur m.a. fram:

Margt bendir til að fyrstu árin í kennslu reynist kennurum erfið sem birtist í að meiri hætta sé á að þeir hverfi frá starfi á fyrstu árum kennsluferilsins (Dupriez, Delvaux og Lothaire 2016; Singer 1993) en seinna á ferlinum. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á Íslandi tengdar festu grunnskólakennara í starfi en María Steingrimsdóttir (2010) skýrir frá eigindlegum viðtölum þar sem svipaðir hlutir koma fram sem og Lilja M. Jónsdóttir (2012).

Lítill festa kennara í starfi er talinn af mörgum vera ein af orsakabáttum fyrir slakri getu og árangri menntakerfa (Ingersoll 2001), minni gæðum í menntun og kennslu (Imazeki 2005) og talin tengjast lakari árangri nemenda og þá sérstaklega hjá þeim nemendum sem standa höllum fæti fyrir (Ronfeldt, Loeb og Wyckoff 2013). Ronfeldt, Loeb og Wyckoff segja einnig að starfsmannaveltan sem slík hafi sjálfstæð áhrif í þá veru, en áhrifin séu ekki bara einkenni á þeim muni á kennurunum sem fara og þeirra sem koma í stað þeirra.

Smith og Ingersoll (2004) komast að því að kennarar sem fá stuðning og leiðbeiningar (e. mentoring) við byrjun kennsluferilsins voru mun ólíklegri til að hætta í starfi en þeir sem fengu ekki slíkan stuðning. Þar skiptir mestu máli að hafa leiðsagnaraðila (mentor) á sama sviði, vinna skipulagsvinnu í samvinnu við aðra kennara innan kennslugreinar og vera hluti af stærra neti kennara utan skólans.

Ljóst má vera að mjög mikilvægt er að tryggja nýliðum öflugan stuðning og leiðbeiningar í upphafi starfsferils síns. Tryggja þarf viðtökukennurum sem taka að sér leiðsögn kennsluafslátt fyrir hvern nýliða þann tíma sem verkefnið varir og sanngjarnar greiðslur.